



31. stjórnarfundur LH

9. nóvember 2020 kl. 20.00

Fjarfundur

Mættir: Lárus Ástmar Hannesson formaður, Ólafur Þórisson, Stefán Logi Haraldsson, Sóley Margeirsdóttir, Ágúst Hafsteinsson, Eggert Hjartarson og Oddrún Ýr Sigurðardóttir úr aðalstjórn, Siguroddur Pétursson, Ómar Ingi Ómarsson og Lilja Björk Reynisdóttir úr varastjórn.

Fjarverandi: Þórdís Arnardóttir og Rósa Birna Þorvaldsdóttir úr varastjórn.

Fundargerð ritar: Berglind Karlsdóttir.

Einnig mætt: Metta Mannseth og Hjörný Snorradóttir.

Formaður setur fund og stjórnar fundi.

- Reglur LH um gæðingafimi – Mette Mannseth f.h. nefndar um gæðingafimi
Mette Mannseth kynnti reglur nefndar um gæðingafimi. Haldnir verða kynningarfundir fyrir Meistaradeildina og KS-deildina í vikunni. Skipa þarf hóp sem er til aðstoðar við mótshaldara á meðan á keppni stendur, haldi utan um skjöl og birti niðurstöður jafnóðum. Gæðingafiminefndin mun fylgja faglegum hlutum eftir og halda utan um menntun dómara.
Afgreiðsla: Stjórn leggur fram tillögu á landsþingi þar sem mælt er til þess að þessi drög að reglum LH um gæðingafimi verði notaðar til reynslu næstu tvö ár. Eftir fyrsta árið verði drögin endurskoðuð og notuð með áorðnum breytingum til eins árs. Fyrir þing sambandsins 2022 liggi fyrir tillaga að reglum um gæðingafimi.
- Þjálfarastig LH og ÍSí – Mette Mannseth formaður menntanefndar LH
Mette Mannseth kynnti þjálfarastig LH sem verið hefur í þróun hjá menntanefnd.
Afgreiðsla: Málið kynnt.

Mette Mannseth og Hjörný Snorradóttir víkja af fundi.

- Fundargerð 30. fundar samþykkt
- Framkvæmd skeiðkappreiða
Stjórn sendi erindi til mótstjórna Metamóts og Skeiðfélagsins þar sem þess var farið á leit að gerð væri grein fyrir agabrotum í mótaskýrslu. Í svörum sínum fara aðilar fram á að atvikunum verði vísað til aganefndar.
Afgreiðsla: Samþykkt að vísa báðum málum til aganefndar. Óskað er eftir að aganefnd taki sérstaklega afstöðu til vensla formanns aganefndar við mótstjóra Metamóts við afgreiðslu þess máls. Leitað er eftir álit aganefndar á því hvort misbrestur við frágang mótaskýrslu hafi áhrif á lögmæti árangurs í keppnisgreininni í heild. Einnig athugi aganefnd hvort eitthvað innan reglna ÍSí nái yfir þessi atriði. Þá var samþykkt að vísa til tölvunefndar hvort hægt sé að koma inn í Sportfeng að ekki sé mögulegt að samþykkja mótaskýrslur fyrir aðra og loka á þann möguleika að hægt sé að skrá sama par í 150 m. skeið og 250 m. skeið á sama móti í Sportfeng.
- Valnefnd LH og afhending knapaverðlauna
Rætt var um með hvaða hætti hægt væri að afhenda knapaverðlaunin við þessar fordæmalausu aðstæður. Framkvæmdarstjóri kynnti tillögu að framkvæmd.



Afgreiðsla: Málið rætt. Valnefnd kynnir tilnefningar á næsta stjórnarfund. Framkvæmdarstjóra falið að vinna áfram tillöguna sem kynnt var.

6. Leigusamningur um Skógarhóla

Drög að lóðarleigusamningi við Þingvallanefnd um Skógarhóla liggur fyrir og er hann til 10 ára eða frá 1. janúar 2021 til 1. janúar 2031.

Afgreiðsla: Samningur samþykktur, formanni falið að undirrita.

Hjörný kemur inn á fund.

7. Tillögur fyrir Landsþing

Farið var yfir þær tillögur sem borist hafa fyrir á Landsþing 2020.

8. Landsþing - fjarþing

Rætt um mögulegar útfærslur á fjarþingi.

Afgreiðsla: Samþykkt að halda fullt þing með fjarfundabúnaði. Dagskrá verði hefðbundin.

Hjörný vikur af fundi.

9. Afreksstefna LH 2020-2024

Afreksstefna LH 2020-2024 lögð fram.

Afgreiðsla: Samþykkt af stjórn. Lögð fyrir Landsþing til samþykktar.

10. Önnur mál

a. EH vakti máls á innslagi í Landanum um reiðmanninn. HOI vinnur nú í því að koma innslagi um félaghesthúsin í Landann.

b. ÁH gerði athugasemd við val og kynningu landsliðsnefndar á landsliðshópum LH rétt áður en umboð nefndarinnar rennur út. Athygli er vakin á því að nefndir hafa umboð á milli landsþinga og þurfa að skipuleggja starfið fram í tímann.

c. Landsliðsmaður fékk dóm í Landsrétti til skaðabótarábyrgðar vegna saknæmrar og ólögðmætrar háttsemi. Málið var tekið fyrir á landsliðsnefndarfund. Viðkomandi landsliðsmaður er titilverjandi frá HM 2019 og á því rétt á að keppa á HM 2021 og á þar með sæti í landsliðinu. Framkvæmdastjóra falið að óska eftir áliti frá lögmanni ÍSÍ um hvernig svona mál eru meðhöndluð hjá aðildarfélögum þess.

d. ÁH spurðist fyrir um hvort makar tveggja landsliðsnefndarmanna hefðu fengið greidda flugmiða og hótél á HM í Berlín. Málið var tekið fyrir á landsliðsnefndarfund 4. febrúar 2020, að beiðni nefndarmanns. Landsliðsnefnd samþykkti á þeim fundi að LH greiddi þennan kostnað enda væru þær hluti af landsliðsteymi LH með skyldum og réttindum sem því fylgdi.

e. Undirskrift samninga um milli LM ehf. og Hestamannafélagsins Skagfirðings um Landmót 2026 verður 20 eða 21. nóvember. Samþykkt að heiðra einn aðila við sama tilefni.



f. SP vakti athygli á 12. gr. í samningi við landsliðsknapa sem hljóðar svo: „Öll notkun vímuefna eru bönnuð á viðburðum landsliðsnefndar og í keppni, þar með talið munntóbak, neftóbak og rafsígarettur“. Gerð var athugasemd um að þarna er verið að banna lögleg efni og gengið lengra en landslög. Fulltrúum stjórnar falið að fara yfir málið á fundi landsliðsnefndar.

Fundi slitið um kl. 23.30